


Íbúðalánasjóður			
Málsnr.		Ábr.	
Bríyk.		Aðr.	
Mótt.		Fskj.	
Aths.		Grígun.	

Íbúðalánasjóður
b.t. Hafsteins Viðars Hafsteinssonar lögmanns
Borgartúni 21
105 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. febrúar 2019

Tilvísun: 2018050851VS/--

Persónuvernd vísar til bréfs Íbúðalánasjóðs, dagsetts 18. desember 2018, þar sem óskað er álits Persónuverndar á því hvort sjóðnum sé heimilt að birta á vefsíðu sinni upplýsingar um þá einstaklinga sem keypt hafa eignir sem sjóðurinn hefur eignast í kjölfar fullnustuaðgerða hjá sýslumannsembættum. Í bréfinu kemur fram Íbúðalánasjóður hyggst birta upplýsingar um hverjar eignirnar séu, hvert hafi verið kaupverð þeirra og hverjir kaupendur. Telur Íbúðalánasjóður vinnslu umræddra persónuupplýsinga heimila á þeim grundvelli að sjóðurinn sé með henni að fullnægja lagaskyldu sem hvíli á sjóðnum, auk þess sem miðlunin sé í þágu almannahagsmuna, sbr. 3. og 5. töluliði 9. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá kemur fram að Íbúðalánasjóði hafi þegar borist athugasemdir frá kaupanda fasteigna hjá sjóðnum vegna mögulegrar birtingar upplýsinganna.

Í ljósi þess hvernig álitsbeiðnin er afmörkuð og að lög nr. 90/2018 gilda einungis um upplýsingar um einstaklinga, sbr. 1. mgr. 4. gr. og 2. tölulið 3. gr. laganna, afmarkast svar Persónuverndar við slíkar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í framangreindu ákvæði 3. gr. laganna.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að byggjast á heimild í 9. gr. laganna. Eins og hér háttar til geta þá einkum átt við 3. og 5. töluliðir þeirrar greinar, þess efnis að vinna megi með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila og vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Að auki getur þurft að líta til ákvæða í öðrum lögum eftir því sem við á hverju sinni. Í því tilviki sem hér um ræðir koma helst til skoðunar lög nr. 44/1998, um húsnæðismál. Kveðið er á um þagnarskyldu Íbúðalánasjóðs í 8. gr. f. laganna, sem samkvæmt ákvæðinu tekur til upplýsinga um lántakendur hjá sjóðnum. Ekki er hins vegar minnst á upplýsingar um kaupendur eigna í eigu sjóðsins og virðist ekki vera kveðið á um skyldu Íbúðalánasjóðs til að birta upplýsingar þar um. Að mati Persónuverndar verður sú

birting upplýsinga, sem hér um ræðir, því ekki byggð á því að hún sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvíli á Íbúðalánasjóði, sbr. 3. tölulið 9. gr. laga nr. 90/2018.

Kemur þá til skoðunar hvort umrædd vinnsla sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna. Það er ábyrgðaraðila, í þessu tilviki Íbúðalánasjóðs, að meta það í hverju tilviki fyrir sig hvort almannahagsmunir standi til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem felst í að birta á vef sjóðsins upplýsingar um kaupendur og kaupverð tiltekinna eigna sem sjóðurinn selur. Ekki er víst að sömu sjónarmið eigi við í öllum tilvikum. Eftir atvikum kunna þau að vera mismunandi t.d. eftir því hvort um ræðir kaupanda einnar fasteignar eða kaupanda að mörgum fasteignum. Við það mat þarf að huga að því að við vinnslu persónuupplýsinga ber ávallt að fara að grunnreglum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Í því lagaákvæði er meðal annars mælt fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða (1. töluliður); að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi en frekari vinnsla í t.d. tölfræðilegum tilgangi teljist ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt (2. töluliður); að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. töluliður); og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. töluliður).

Að lokum skal tekið fram að framangreint er sett fram til leiðbeiningar um það lagaumhverfi sem gildir um þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir. Ber því ekki að líta á svar Persónuverndar sem bindandi úrlausn um lögmæti vinnslunnar.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Valborg Steingrimsdóttir